

Matvælaráðuneytið

Fundargerð

Boðandi: **Hjalti Jón Guðmundsson**
Dags: **15.12.2022**
Boðaðir: **Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson, Haraldur L. Haraldsson**
Fundarmenn: **Allir mættir**
Bréfalykill: **02.02.09 Lögskipaðar nefndir, stjórnir og ráð – Matvæli og matvælaöryggi**
Málsnúmer: **MAR22020305**

Efni: Fiskeldissjóður - 38. fundargerð

Frásögn af fundi

Dagskrá fundar:

1 Fundargerð 37. fundar yfirfarin og borin upp til samþykktar.

Stjórn samþykkti fundargerð 37. fundar.

2. Ósk eftir uppfærðum áætlunum frá sveitarfélögum þar sem áætlun hefur ekki gengið eftir. Staðan á skilum.

Stjórn ræddi að framvegis yrði óskað tvívegis á ári eftir stöðu verkefna. Stjórn fór yfir svör frá sveitarfélögum vegna úthlutunar ársins 2021.

3. Yfirlit yfir greiðslur vegna úthlutaðra styrkja. Umræða um endurgreiðslur styrkja, framhald frá síðasta fundi.

Dagskrárlið frestað til næsta fundar.

4. Ársskýrsla 2021

Stjórn fór yfir drög að ársskýrslu ársins 2021. Stjórn kom jafnframt með nöfn á aðilum sem hægt væri að óska tilboða hjá til að setja ársskýrsluna upp. Starfsmanni var falið að afla tilboða.

5. Úthlutunarreglur, matsskjal og auglýsing vegna úthlutunar á árinu 2023.

Stjórn fór yfir úthlutunarreglur og gerði drög að breytingum.

6. Laun stjórnar vegna vinnu 2022.

Stjórn ræddi fyrirkomulag launagreiðsla, þ.e. hvort um verktaka- eða laungreiðslur væri að ræða. Starfsmanni sjóðsins var falið að kanna hvernig þessu væri háttað.

7. Önnur mál

Stjórn ákvað að næsti fundur yrði haldinn þann 5. janúar 2023 klukkan 13:00. Stjórn ákvað jafnframt að fara yfir þær lokaskýrslur sem hafa borist vegna úthlutunar árána 2021 og 2022. Ef stjórn gerir ekki athugasemdir við lokaskýrslur verður starfsmanni heimilað að greiða út seinni greiðslu vegna verkefnanna.

Niðurstaða og ákvarðanir

Tilvísun í málsnúmer og fylgiskjöl

Nr.	Efni	Ábyrgur starfsmaður	Dags. rætt	Áætluð lok	Lokað
1.	Starfsmanni falið að óska eftir tilboðum í uppsetningu ársskýrslu	Hjalti Jón			<input type="checkbox"/>
2.	Starfsmanni falið að óska eftir upplýsingum um hvernig launagreiðslum til stjórnarmanna væri háttað	Hjalti Jón			<input type="checkbox"/>
3.	Stjórn sjóðsins falið að yfirfara innkomnar lokaskýrslur.	Haraldur, Álfheiður og Kjartan			<input type="checkbox"/>